

Erindisbréf

starfshóps um opnunartíma leikskóla og grunnskóla í kjölfar kjarasamninga

Stjórnskipuleg staða

Starfshópur um opnunartíma leikskóla og grunnskóla í kjölfar kjarasamninga, tilnefndur á 387. fundi sveitarstjórnar þann 9. janúar 2025 heyrir undir sveitarstjórn. Í starfshópnum sitja eftirfarandi fulltrúar:

- Formaður fræðsluráðs sem jafnframt er formaður hópsins.
- Fulltrúi minnihluta sveitarstjórnar.
- Skólastjóri Leikskólans Ásgarðs.
- Skólastjóri Grunnskóla Húnaþings vestra.
- Einn fulltrúi frá foreldrafélagi Leikskólans Ásgarðs.
- Einn fulltrúi frá foreldrafélagi Grunnskóla Húnaþings vestra.
- Fulltrúi atvinnulífsins í Húnaþingi vestra.

Starfsmaður hópsins er sviðsstjóri fjölskyldusviðs.

Við tilnefningar í hópinn skal gæta að kynjahlutföllum í samræmi við Jafnréttisáætlun Húnaþings vestra.

Hlutverk starfshópsins er að:

- Skoða mögulegar leiðir til aðlögunar starfsemi grunn- og leikskóla að breyttum vinnutíma starfsmanna í kjölfar kjarasamninga (styttingu vinnuviku starfsmanna í 100% starfi í 36 klst.).
- Leggja mat á fýsileika þeirra leiða sem færar eru og áhrifa þeirra á ólíka hópa hagaðila, þar með talið nemenda grunn- og leikskóla.
- Setja fram rökstudda tillögu að leið sem að mati starfshópsins hentar best og leggja til umræðu í fræðsluráði áður en hún er lögð fyrir byggðarráð.

Starfshættir

Hópurinn skal rita fundargerðir sem lagðar eru fyrir sveitarstjórn að hverjum fundi loknum. Starfsmaður nefndarinnar færir fundargerðir í fundargerðakerfi sveitarfélagsins. Hópurinn hefur heimild til að kalla þá til fundar sem nauðsyn þykir vegna starfa sinna.

Skal hópurinn taka mið af vinnu við innleiðingu Barnvæns sveitarfélags, Heimsmarkmiða sameinuðu þjóðanna og Heilsueflandi samfélags. Einnig skal taka mið af öðrum stefnum og áætlunum sveitarfélagsins, svo sem jafnréttisáætlun.

Starfshópurinn skal starfa frá 10. janúar 2025 til 15. apríl 2025. Hópnum er ekki heimilt að stofna til útgjalda án heimildar byggðarráðs/sveitarstjórnar. Ekki er greitt sérstaklega fyrir fundarsetu.

Samþykkt á 387. fundi sveitarstjórnar sem haldinn var þann 9. janúar 2025.